

aðgætandi, að verjandi hefur í varnarframhaldi sínu, dags. 24. febr. þ. á., við haft ósæmilegan ritmáta, einkum að því er snertir ummæli hans um bæjarstjórn Reykjavíkur kaupstaðar, að hann ekki getur komist hjá sekt samkvæmt L. 1—12 og tilskipun 23. desbr. 1735 2. gr., og virðist hún hæfilega metin 10 kr. til fátækra sjóðs Reykjavíkur kaupstaðar og 10 kr. til landsjóðs (dómsmálasjóðs).

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi úrskurður á óraskaður að standa. Sveini Jónssyni ber að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Jóns Jónssonar, 10 kr. til hvors. Settur málaflutningsmaður Jón Jónsson á að greiða í sekt til fátækra sjóðs Reykjavíkur kaupstaðar 10 kr. og 10 kr. til landssjóðs (dómsmálasjóðs).

Hið í dæmda greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 21. aprílmán.

Nr. 7/1879

Hið opinbera

gegn

Sigríði Guðmundsdóttur.

D ó m u r :

Með dómi, kveðnum upp 13. desembermán. f. á. fyrir lögreglurjetti Reykjavíkur kaupstaðar, er hin kærða Sigríður Guðmundsdóttir, dæmd fyrir ólöglega húsmennsku og fyrir að hafa tekið til sín húskonu, sem

ekki hafði fengið húsmennskuleyfi, í 14 kr. sekt, er renni að helmingi í fátækra sjóð Reykjavíkur kaupstaðar og að helmingi til fátækra fulltrúanna þar, sem og til að greiða allan kostnað af málinu, en þeim dómi er af hálfu hins opinbera áfrýjað til yfirdómsins.

Hin kærða hefur sjálf játað, að hún hafi sezt niður sem húskona hjer í bænum án þess að leita leyfis hjá fátækra stjórninni til þess, enda hafi hún haldið, að þess gjörðist ekki þörf, þar sem hún hefði verið búin að leysa leyfisbrjef til að vera lausakona; en yfirdómurinn verður að vera á sama máli og undirdómurinn um það, að leyfisbrjef til lausamennsku alls eigi veiti neitt leyfi til húsmennsku. Leyfisbrjef til lausamennsku leysir hlutaðeiganda undan skyldunni til að fara í vist, og er látið úti af lögreglustjóra fyrir ákveðna borgun, og eptir ákveðnum reglum, en leyfi til að gjörast húsmáður eða þurrabúðarmaður, veitist af hlutaðeigandi sveitarstjórn eptir álitum, og eins og leyfi til húsmennsku ekki út af fyrir sig leysir undan vistarskyldunni, eins veitir leyfi til lausamennsku alls enga heimild til húsmennsku. Samkvæmt þessu getur hin kærða ekki komizt hjá að sæta ábyrgð eptir tilskipun 26. maímán. 1863, 12. gr., og virðist sekt sú, er hún hefur til unnið, hæfilega ákveðin 10 kr., er renni að helmingi í bæjarsjóð Reykjavíkur, og að helmingi til fátækra fulltrúanna þar.

Þar sem hin kærða einnig er dæmd fyrir undirjetti, fyrir að hafa tekið húskonu á heimili sitt, sem ekki hafi haft rjetta heimild til húsmennsku, þá liggur það atriði fyrir utan hjeradsstefnuna og fyrir utan yfirlýsingu dómarans til binnar kærðu um málshöfðunina, enda er það ekki nægilega upplýst í prófunum, og getur því ekki komið til greina undir þessu máli. Að því er snertir málskostnað í hjerði ber að staðfesta

undirrettardóminn, og ber hinni kærðu einnig að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hin kærða, Sigríður Guðmundsdóttir, á að greiða 10 kr. sekt, er renni að helmingi í bæjarsjóð Reykjavíkur kaupstaðar og að helmingi til fátækrafulltrúanna þar. Svo ber hinni kærðu og að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Jóns Jónssonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 16. júnímán.

Nr. 28/1878: Hjeraðslæknir J. Jónassen
og lyfsali N. S. Krüger
gegn

Síra Jakob Guðmundssyni.

D ó m u r :

Með dómi, kveðnum upp fyrir gestarjetti Reykjavíkur kaupstaðar 12. dag desembermán. 1878, eru áfrýjendur þessa máls, hjeraðslæknir J. Jónassen og lyfsali N. S. Krüger, dæmdir til þess sem gjörðarbeiðendur að kyrsetningu á homöopathískum læknislyfjum sem síra Jakob Guðmundsson á Sauðafelli í Dölum átti, báðir fyrir einn og einn fyrir báða að greiða hon-